

Kirkjuþing 2023-2024

18. mál - þskj. 18a

TILLAGA

til þingsályktunar um opið bókhald Þjóðkirkjunnar.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Örnunni Grétarsdóttur og Guðna Má Harðarsyni.

Frsm. Guðni Már Harðarson.

Kirkjuþing samþykkir að fela framkvæmdastjóra rekstrarstofu og framkvæmdanefnd að kanna leiðir til að opna bókhald kirkjunnar eins og sveitastjórnir og stofnanir hafa gert, þannig að hægt sé að hafa bókhaldið opið frá 1. janúar 2025.

Greinargerð.

Opið bókhald ýmissa opinberra stofnana lýsir fyrirmyndar hugarfari og metnaði auk þess sem það vekur traust.

Kirkjuþingi er mikil ábyrgð á höndum eftir að fjárstjórnarvald færðist yfir til þess frá kirkjuráði og ríkinu með lögum um þjóðkirkjunar nr. 77/2021. Kirkjuþing vill sýna ábyrgð og vekja með þjóðkirkjufólki traust með gegnsærri, lýðræðislegri og réttlátri fjárstjórn. Að opna bókhald kirkjunnar lýsir metnaði kirkjuþings og starfsfólks og gerir tillagan ráð fyrir góðum tíma til að kanna leiðir svo gagnvirkt opið bókhald kirkjunnar fái sinn stað á heimasíðu kirkjunnar.

Framkvæmdastjóra og framkvæmdanefnd er falið sameiginlega að finna góða tæknilega útfærslu svo hægt sé að koma þessu við. Áhugavert er t.d. að skoða þá lausn sem Kópavogsbær hefur nýtt sér til að koma bókhaldslegum upplýsingum til íbúa sveitarfélagsins.